

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 6. nóvember 2019  
UST201911-002/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 og deiliskipulagi fyrir Grenstanga**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 og deiliskipulagi fyrir Grenstanga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að rúmlega 4 ha af frístundasvæði verður breytt í íbúðarbyggð á Grenstanga og þar verður gert ráð fyrir allt að 8 íbúðarhúsum. Í deiliskipulagsbreytingunni verður gerð grein fyrir lóðum, aðkomuvegum, byggingarreitum og byggingum.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur